

Sérsniðið námskeið fyrir leik- og grunnskóla vor 2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

[Námskeiðið í kennsluskrá](#)

**Umsóknar-
frestur til
1. des.
2019**

[Sækja um nám](#)
til eininga.
Skráningargjald*
55.000 kr.

Fyrir hverja er námskeiðið?

Námskeiðið er ætlað öllu starfsfólki leik- og grunnskóla. Þátttakendur sem hafa lokið B.Ed. eða sambærilegri prófgráðu fá námskeiðið metið til eininga. Þátttakendur sem uppfylla ekki skilyrði um nám til eininga geta sótt um nám án eininga.

Námsmat
byggist á fjölbreyttum verkefnum. Ekkert lokapróf.

Kennslutími
Námskeiðið er kennt eftir samkomulagi við þátttakendur í staðlotum, síðdegistímum og fjarlotum.

Upplýsingar
um skráningu
veitir Ester Ýr
Jónsdóttir,
esteryj@hi.is

[Sækja um nám](#)
án eininga.
Skráningargjald*
42.500 kr.

Gleðin í málinu: árangursríkt leik- og grunnskólastarf

(KME002F) 10 ECTS

Námskeiðslýsing

Tilgangur námskeiðsins er að þátttakendur efli þekkingu sína á mikilvægi málörvunar í leik og starfi með leik- og grunnskólabörnum. Þeir læri að beita árangursríkum aðferðum sem byggja á gleði og sköpun, styðja við aukinn málþroska og hvetja til virkrar málnotkunar barna.

Meginumfjöllunarefni eru: a) hvetjandi málumhverfi barna til aukinnar málnotkunar í daglegum aðstæðum b) ríkuleg gagnkvæm tjáskipti í leik barna, frjálsum og skipulögðum c) samveru- og lestrarstundir nýttar til eflingar orðaforða og samræðna þannig að öll börn taki þátt d) tónlist og söngur sem uppspretta eflingar málþroska barna e) leiklist sem tæki til aukinnar málnotkunar.

Kennslufyrirkomulag

Námskeiðið er vettvangs- og samstarfsmiðað og er gert ráð fyrir að þátttakendur myndi lærdómssamfélög. Í því felst að þátttakendur innan sama skóla eða milli skóla vinna sameiginlega að ákveðnum markmiðum sem þeir setja sér og viðhalda eftir að námskeiði lýkur. Þátttakendur fá tækifæri til að læra saman og styðja hver annan í að þróa starfshætti með börnum. Grunnhugmyndin er að þátttakendur líti á það sem sameiginlegt verkefni allra í skólasamfélaginu að styðja börn og hvetja til virkrar málnotkunar.

Umsjón: Sigríður Ólafsdóttir

Námskeiðið er á námsleiðinni *Menntunarfræði leik- og grunnskóla, viðbótardiplóma, 60 einingar*, á kjörsviðinu *Mál og læsi*.

*Vonarsjóður Félags grunnskólakennara endurgreiðir innritunargjald auk þess sem hægt er að sækja um styrk að upphæð 5.000 kr. pr. lokna einingu frá KÍ. Annað starfsfólk athugi með kjör hjá sínu stéttarfélagi.